



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

La. Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Island

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Nefndasvið Alþingis  
efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. KG
23 APR. 2004
40
Tilv. UST20040300160

21. apríl 2004

Skjalanúmer: 40

Tilvísun: UST20040300160/KG

### Frumvarp til laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 683. mál


Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 22. mars sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 683. mál.

Umhverfisstofnun fagnar aðgerðum sem lúta að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og nota þess í stað aðra orkugjafa s.s. raforku og metan. Stofnunin mælir því með því að áður lögfestur stuðningur við þróun og notkun bifreiða sem búnar eru vélum sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu verði framlengdur.

Jafnframt telur stofnunin að þegar í stað beri að hefja heildstæða stefnumörkun um stuðning við notkun endurnýjanlegrar orku í bifreiðar og fiskiskip og að þeirri stefnumörkun verði lokið áður en fyrirhugað bráðabrigðaákvæði rennur út í ársbyrjun 2007.

Virðingarfyllst,

  
Davíð Egilson  
forstjóri

  
Sigurbjörg Gisladóttir  
forstöðumaður

Afrit: Umhverfissráðuneytið